


Umsögn um nokkrar ár og læki í vatnakerfi

Svartár, Austur-Húnavatnssýslu

Sigurður Guðjónsson

Nóvember 1987



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

### Inngangur.

Skýrsla þessi er unnin samkvæmt beiðni, fyrir, Yfirmat Veiðimála. Umsögnin tekur til nokkrurra áa og lækja sem falla í Svartá, A-Húnavatnssýslu vegna yfirstandandi breytinga á arðskrá Veiðifélags Blöndu og Svartár. Hafa verður í huga varðandi veiði á sjógengnum fiski í Svartá og þverár hennar að fiskur á leið þangað er undir veiðialagi, fyrst í Blöndu, svo í Svartá.

1. Fossá. Fossá á upptök sín í Fossárdrögum á Eyvindarstaðaheiði. Áin rennur síðan eftir þröngum Fossárdalnum uns hún sameinast Svartá við Stafn. Fiskgengt er í ána og upp hana að Fossi sem er nokkra kílómetra innan við bæinn Fossa.

Fossá er fremur köld en hiti hefur verið mældur í ánni með sírita í tvö sumur. Áin er frjósöm. Í Fossá er aðalfisktegundin staðbundinn bleikja og er vöxtur hennar góður. Góð búsvæði fyrir seiði er að finna á stærstum hluta árinna. Væn bleikja veiðist í ánni og er veitt í henni með stöng á hverju sumri. Bleikjuna er að finna bæði ofan og neðan við foss en veiðin fer nánast eingöngu fram á neðsta hluta árinna. Sumaröldum laxaseiðum hefur verið sleppt í Fossá frá 1979 og síðast 1986. Vöxtur seiðanna hefur verið þokkalegur og mest af sleppiseiðum komið í gönguseiðastærð eftir 2 ár í ánni en sleppingarnar ekki skilað neinum sjáanlegum árangri. Því var ekki sleppt í ána 1987 og Veiðifélaginu hefur verið ráðlegt að gera það ekki í framtíðinni. Reynt var að sleppa gönguseiðum af laxi þarna síðasta sumar en ekki verður hægt að meta árangur fyrr en síðar.

2. Hvammsá. Hvammsá á upptök sín í mýrarflám norður af Reykjafjalli. Hún rennur síðan eftir dalskorningi niður í Svartárdal þar sem hún fellur í Svartá. Aðeins neðsti hluti Hvammsár hefur verið skoðaður. Hvammsá er þokkalega frjósöm á. Þar er bæði að finna urriða og bleikju. Búsvæði fyrir seiði eru góð fyrstu 3 km. eða svo uns kemur uppá hæðarbrúnina en þar hallar áin minna og við tekur mýrlendi. Hins vegar er lítið um hrygningarskilyrði á þessum kafla árinna. Laxasmásið var sleppt þarna síðast vor og vöxtur þeirra kannaður síðla sumars. Vöxtur þeirra var góður og nær hluti seiðanna gönguseiðastærð á 1

ári og hluti á 2 árum. Enn er of snemmt að segja til um hvort sleppingar þessar geti skilað einhverju af fullvaxta laxi.

3. Hólslækur. Hólslækur kemur úr mýrlendi upp á fjallinu við eyðibýlið Hól. Í Hólslæk allra neðst er bæði að finna urriða og bleikju. Á því svæði hentar botngerð vel fyrir seiði. Laxaseiðum hefur verið sleppt í lækinn síðustu ár og var einnig gert síðasliðið sumar. Vöxtur seiðanna er álíka góður og í Hvammsá enda lækurinn frjósamur. Ekki er hægt að svo stöddu að segja til um hvort sleppingar þessar hafi skilað árangri.

4. Steiná. Steiná líkjist mjög Hólslæk og hefur afar líkann aðdraganda. Steiná er þó sennilega vatnsminni, sennilega vegna þess að aðdragandi hennar er eitthvað minni en Hólslækjar. Aldrei hefur verið leitað seiða í Steiná. Áin hefur væntanlega svipaða fiskfánu og Hólslækur.

5. Gilslækur. Gilslækur er lítill og á upptök í fjallinu ofan við bæinn Gil. Einungis neðsti hluti lækjarins nýtist fiski þar sem bratti er það mikill niður fjallshlíðinna að lækurinn fellur í fossum niður. Ekki hefur verið leitað seiða í læknum en líklega er þar silungur og ekki útilokað að laxaseiði nýti neðstu metrana á læknum.

6. Hlíðará. Hlíðará hefur góð skilyrði fyrir lax og hrygnir lax að staðaldri í ánni. Laxaseiði eru í ánni upp að eyðibýlinu Þverárdal en þar kvíslast áin og einnig verður lækirnir brattari og henta síður laxaseiðum. Góð uppeldisskilyrði eru fyrir lax frá Þverárdal og niður í Svartá. Lax gengur að öllum líkindum seint úr Svartá í Hlíðará til að hrygna.